

## Umsögn UNICEF á Íslandi um drög að Grænbók um sjálfbært Ísland

UNICEF á Íslandi fagnar yfirstandi vinnu á vegum forsætisráðuneytisins við stefnumótun um Sjálfbært Ísland og þakkar fyrir tækifærið sem veitt er til þátttöku í samráði við vinnuna. Drög að Grænbók um sjálfbært Ísland voru send til umsagnar 12. apríl 2023. Hér fylgja athugasemdir og ábendingar UNICEF á Íslandi við það skjal.

Í stefnumótun um sjálfbærni á alþjóðavísu leggur UNICEF, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna, áherslu á að auka seiglu samfélaga og vernda viðkvæmustu hópa barna fyrir verstu áhrifum hamfarahlýnunar; að valdefla sérhvert barn með menntun, getu og tækifærum til að krefjast sjálfbærari heims; og að tryggja sjálfbærni í eigin starfsemi á öllum sviðum. Þessi leiðarstef koma að góðu gagni við rýni á Grænbók um sjálfbært Ísland.

### Auka seiglu samfélaga og vernda viðkvæmustu hópa barna

#### *Fátækt*

Í Grænbókina vantar skýrt stöðumat á fátækt á Íslandi og úrræði til að bregðast við henni. Talin eru upp nokkur verkefni sem liggja inni í ráðuneytum en það skortir tengingu við inntak þeirra sem baráttu gegn fátækt, sem er fyrsta heimsmarkmiðið um sjálfbærni. Það er rétt að fátækt er hlutfallslega lítil á Íslandi miðað við önnur lönd en engu að síður býr hér fjöldi fólks sem líður skort og ástæða er til að óttast að þeim fari fjölgandi á allra næstu misserum. Í nýrri landrýnskýrslu um Ísland og heimsmarkmiðin má glöggst sjá að félagsamtök telja verulega hættu á efnahagsþrengingum, fátækt og jafnvel heimilisleysi hjá ákveðnum hópum samfélagsins. [Greining UNICEF á Íslandi á efnislegum skorti barna á Íslandi](#) frá 2021 leiddi í ljós hve langan tíma það getur tekið fyrir áhrif efnahagslæggðar að koma að fullu fram þegar litið er til efnislegra gæða.

- Það er því mikilvægt að stjórnvöld horfi til langs tíma þegar viðbrögð við neikvæðum efnahagsáhrifum eru ákveðin.
- Brýnt er að vernda þá hópa barna sem líða fyrir slæmt efnahagsástand.
- Við greiningu á fátækt á Íslandi og mótun úrræða gegn henni þarf barnamiðaða upplýsingaöflun og greiningu þar sem réttindi barna eru höfð að leiðarljósi.

#### *Fólksflutningar vegna loftslagsbreytinga*

Í árslok 2022 voru 43,3 milljónir barna á flóttu í heiminum og hafa þau aldrei verið fleiri. Stríðsátök, þurrkar, náttúruhamfarir og annars konar áföll setja börn í mikla hættu og ógna rétti þeirra til menntunar, heilbrigðisþjónustu, næringar, öryggis og barnæsku. Mörg þessara barna hafa aldrei þekkt annað en líf á flóttu fjarri heimkynnum sínum. Þessi gríðarlegi fjöldi flóttafólks í heiminum setur einnig mark sitt á Ísland, umsækjendur um alþjóðlega vernd hafa aldrei verið jafn margir og undanfarið ár og rúmlega hundrað börn á flóttu hafa komið til landsins án fylgdar fullorðins síðasta eina og hálfu árið. Afar ólíklegt verður að teljast að fjöldi þeirra sem hingað leita í von um öryggi og framtíð muni fara minnkandi. Hingað munu halda áfram að koma börn í mjög viðkvæmri stöðu og réttindi þeirra til menntunar, heilsugæslu og félagsþjónustu þarf að tryggja. Þrátt fyrir að stefnumótun í málefnum innflytjenda og flóttafólks sé lýst sem einu „stærsta sjálfbærniverkefni samfélaga í dag“ (bls. 30) þá sér þess trauðla merki að öðru leyti í Grænbókinni.

- Tryggja þarf að öll börn á Íslandi, óháð stöðu þeirra og fjölskyldu þeirra gagnvart stjórnvöldum, njóti réttinda sinna til menntunar, heilbrigðisþjónustu, næringar, öryggis og barnæsku.

- Styrkja má áherslur í Grænbókinni á Ísland sem samfélag fjölbreytileika þar sem búa saman einstaklingar með fjölbreyttan bakgrunn.

### Ungt fólk eru kyndilberar sjálfbærni

Það hefur verið sagt að við erfðum ekki jörðina frá foreldrum okkar heldur erum við með hana að láni frá börnunum okkar. UNICEF leggur mikla áherslu á að árangur í sjálfbærni hvíli á þeim tækifærum sem við tryggjum börnum og ungu fólki til að krefjast breytinga og sjálfbærari heims. Þetta gerist ekki af sjálfu sér heldur þarf að leggja vinnu og fjármagn í að bæta menntun um breytingar á jörðinni og iðnkunnáttu fyrir grænt hagkerfi. Þá er ekki síður mikilvægt að börn og ungt fólk fái vettvang til að ræða við stjórnvöld og krefjast nauðsynlegra breytinga. Og stjórnvöld þurfa að hlusta.

Í kafla 4.3.2. um jafnrétti, heilsu og velferð er talað um að huga þurfi „á tækifærum barna og réttindum þeirra sem og virkri þátttöku við ákvarðanatöku og útfærslu stefnu sem varða þau og framtíðina“. Í kafla 4.3.3. er einnig talað um að „nýta vel menntakerfið til að búa íslenskt samfélag betur undir hraðar tæknibreytingar og áskoranir á sviði sjálfbærrar þróunar.“ Hér eru ágætir vísar en betur má ef duga skal. Áherslan á börn og ungt fólk þarf að vera skýrari, einbeittari og metnaðarfullri í stefnumótun um sjálfbært Ísland. Ein af grundvallargreinum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur hefur verið hér á landi, er 12. greinin sem kveður á um virðingu fyrir skoðunum barna um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Það er vandfundið málefni sem hefur meiri áhrif á líf barna en sjálfbær nútíð og framtíð.

- Lyfta þarf upp áherslu á tækifæri barna og ungs fólks til þátttöku í breytingunum framundan.

### Tryggja sjálfbærni í eigin starfsemi á öllum sviðum

Ísland setur metnað í að vera í fremstu röð sjálfbærra samfélaga. Sá árangur mun hvíla fyrst og síðast á aðgerðum en ekki orðum. Þar er ekki nóg að horfa til aðgerða innanlands heldur þarf að ígrunda heildaráhrifin af neyslu, framleiðslu og hegðun í íslensku samfélagi og hagkerfi.

Í [alþjóðlegri skýrslu UNICEF um áhrif umhverfisþátta á velferð barna](#) sem kom út í fyrra kom fram að Ísland er í fyrsta sæti þegar litið er til aðgengis að grænum svæðum, umferðaröryggis og heimilisrýmis; og í þriðja sæti þegar litið er til umhverfisþátta á borð við loft- og vatnsmengun og eiturefni. Aftur á móti skorar Ísland mjög lágt þegar áhrif óhófllegrar neyslu á hnattrænt umhverfi eru skoðuð, þar er Ísland í 32. sæti af 39. Þetta er m.a. vegna mikillar notkunar raftækja, sem enda gjarnan á óformlegum ruslahaugum úti í heimi með eitrunaráhrifum á líkama þeirra barna sem búa nálægt og á haugunum. Þá losa Íslendingar einnig mikinn koltvísýring og eru eftirbátar annarra þjóða í fjármagni sem sett er í umhverfisvernd. Draga má niðurstöður skýrslunnar saman þannig að Ísland er eitt besta ríki í heimi hvað varðar öryggi og heilsu barna sem hér búa en Ísland setur engu að síður öryggi og heilsu barna annars staðar í heiminum í hættu með neysluhegðun sinni.

- Spilliráhrif þurfa að vera skýr hluti af sjálfbærnistefnu.

### Niðurlag

Markmið Grænbókarinnar er að vera fullnægjandi stöðutaka þegar kemur að skilgreiningu þeirra lykilviðfangsefna sem skipta máli fyrir stefnumótun að sjálfbærri þróun. Á það má þó benda að skjalið er meiri samantekt á verkefnastöðu ýmissa sjálfbærnitengdra verkefna fjölda aðila heldur en eiginleg stöðutaka á sjálfbæru Íslandi. Slíka stöðutöku má þó finna í landrýniskýrslu stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka og leggur UNICEF á Íslandi áherslu á að niðurstöður hennar, þá sérstaklega rýni félagasamtaka til gagns, sé tekin til speglunar í stöðutökunni. Það gefur breiðari og strategískari grunn fyrir stefnumótunina sem er næsta skref í vinnunni.

Við lestur á drögum að Grænbókinni má sjá að meginþunginn er á umhverfis- og loftslagsmálunum og aðgerðum á þeim sviðum. Það er að mörgu leyti skiljanlegt því þar er brýn þörf á stórtækum kerfisbreytingum til að forða frá frekari hörmungum vegna áhrifa sívaxandi hamfarahlýnunar.

Engu að síður er það svo að meginstoðir sjálfbærni eru að jöfnum höndum umhverfi, samfélag og efnahagur. Fyrstu fimm Heimsmarkmið um sjálfbærni snúa að útrýmingu fátæktar og hungurs, rétt til heilsugæslu og heilbrigðs lífs, rétt til menntunar og jafnrétti kynjanna. Mannréttindi liggja þannig til grundvallar Heimsmarkmiðunum um sjálfbærni. Það er mat UNICEF á Íslandi að í fyrirliggjandi drögum að Grænbók um sjálfbært Ísland skorti upp á að mannréttindi séu skilgreind sem meginsvið og að réttindamiðaða áherslu á samfélagsstoð sjálfbærni í þessari stefnumótun íslenskra stjórnvalda megi styrkja.

Ofangreindar athugasemdir og ábendingar koma vonandi að gagni við þá vinnu.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Birna Þórarinsdóttir'.

Birna Þórarinsdóttir

Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi